



*Konurnar í Arnardal. Sýning á veggnum að Dalbraut 1.
Ljósmynd. Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir*

Akraneskaupstaður

2015 – ársskýrsla



HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS
AKRANES MUNICIPAL ARCHIVES

Ársyfirlit 2015:

Í upphafi ársins stóð héraðsskjalavörður að því að útvega leikskólunum fjórum skjalaskápa.

Námskeið og ráðstefnur:


Héraðsskjalavörður fór á skyndihjálparnámskeið í maíbyrjun og eldvarnarnámskeið í september.

Ráðstefna félags Héraðsskjalavarða var haldin á Húsavík dagana 1-2. október. Það sem hæst bar á ráðstefnunni var erindi Unnar V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar þar sem hún fjallaði um þau skjöl sem verða til í félags- og velferðarþjónustu.

Starfsdagur safnanna að Dalbraut 1 var haldinn 6. október og var hann í höndum Leifs Geirs frá Hagvangi.

Sýningar:

Saga líknandi handa er sýning sem héraðsskjalavörður kom óvænt að í byrjun júní. Sýningin var opnuð í Guðnýjarstofu Byggðasafnsins að Görðum. Vinna héraðsskjalavarðar fólst í öflun skjallægra upplýsinga, vinnslu ljósmynda til prentunar og prentun þeirra.



*Jóna Björg Guðmundsdóttir
(1915-2002)
skólahjúkrunarkona í
Barnaskóla Akraness,
stendur til hliðar hjá
börnum sem eru í ljósum.
Myndin var á sýningunni
Saga líknandi handa.*

Konurnar í Arnardal var sýning á vegum héraðsskjala- og ljósmyndasafns. Hún var á veggnum í salnum að Dalbraut 1.

Um sýninguna: „Miðvikudaginn 28. janúar 1970 lagði Gyða L. Jónsdóttir, bæjarlistamaður Akraness 2015, leið sína á elliheimili Akraness í Arnardal. Hún var samferða föður sínum, sr. Jóni M. Guðjónssyni sem var þar í húsvitjun. Í gegnum auga linsunnar fangar Gyða samtímalega heimild um aðbúnað fólkins sem þar dvaldist og þennan dag voru þar konur í aðalhlutverki.

Elliheimili Akraness í Arnardal var starfrækt frá 1938 til 1978 og dvöldust þar vistmenn auk nokkurra kostgangara. Margir þeirra sem þar dvöldust voru einstæðingar alla tíð og nutu því síðustu árána í samvistum við aðra dvalargesti og starfsfólk. Munnlegar heimildir okkar lýsa þó Arnardal sem lokuðum heimi sem fáir þekktu.

Sigríður Árnadóttir forstöðukona, hélt vel utan um skráningu vistfólksins og má sjá hana hér í dagbókinni og við myndirnar.“

Afhendingar:

Stærsta afhending ársins kom þann 20. ágúst. Hún taldi 601 öskju og 20 möppur, alls 55 hillumetrar og innihélt gögn úr skjalasafni Akraneskaupstaðar.

Í A stúlkur sáu um flutninginn á skjölunum frá Akraneskaupstað, dugnaðarforkar þar á ferð.



Tölfræði: 2015 (2014 í sviga).

Afhendingar til safnins voru: **70** (50) talsins.

Gestakomur ársins: **605** (496).

Fyrirspurnir: **88** (60).

Á vordögum 2016

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður Akraness